

Mál nr. 326/2011

M
og
váttryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar.

**Ágreiningur um bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu vegna reksturs
landamerkjamáls.**

Gögn.

138. Málskot, móttakið 8.8.2011, ásamt fylgigögnum.

139. Bréf X, dags. 30.8.2011.

Málsatvik.

M var aðili dómsmáls er varðaði landamerki og landskipti jarðanna J1 og J2.

M hefur í gildi húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis hjá váttryggingafélaginu X. Váttryggingin hefur að geyma sérstaka málskostnaðartryggingu sem hefur það hlutverk að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. M hefur krafist bóta úr váttryggingunni vegna þess kostnaðar sem hann hefur haft af málarekstrinum. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Nánar tiltekin húseign er váttryggð samkvæmt húseigendatryggingu þeirri sem hér er til skoðunar. Samkvæmt nánar tilteknu ákvæði í váttryggingarskilmálum þeim sem gilda um málskostnaðartrygginguna bætir váttryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir váttryggðan sem eiganda hinnar váttryggðu húseignar eða húseignarhluta og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í skilmálunum er ekki að finna ákvæði er kveður á um rýmra gildissvið váttryggingarinnar en fram kemur í ákvæði þessu. Málskostnaðartryggingin nær þannig einungis til málskostnaðar vegna dómsmáls er lýtur að sjálfri húseigninni sem váttryggð er, en ekki öðrum hlutum fasteignarinnar svo sem sjálfri jörðinni. Málskostnaður M vegna fyrrgreinds landamerkjamáls fæst því ekki greiddur úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu húseigendatryggingar hjá X.

Reykjavík, 22. september 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.